



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

9. árgangur 05. tbl.

Maí 2012



Félagið Vinir Skaftholtsréttá hlaut umhverfisverðlaun Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2011. Stjórn félagsins er hér með staðfestinguna. F.v. Erlingur Loftsson, Bjarni Einarsson, Sigurður Steinþórsson, Tryggvi Steinarsson, Lilja Loftsdóttir, form. Kristján Guðmundsson, Hrafnhildur Ágústsdóttir og Árdís Jónsdóttir. Á myndina vantar Andreas Bergmann. T.v. tekur Lilja Loftsdóttir við verðlaununum af þeim Vilborgu M. Ástráðsdóttur form. umhverfisnefndar og Sigbrúði Jónsdóttur á sumardaginn fyrsta í Árnesi.

Ljósma.: Jóhanna Höeg Sigurðard.



Vinnuskólinn 2012 !

Nemendum í 8. og 9. bekk gefst kostur á að vinna í Vinnuskóla í sumar hjá sveitarfélaginu. Vinnuskólinn byrjar 04. júní og stendur fram undir lok júlí og skilyrði fyrir því að nemendur fái vinnu er að þeir eigi lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Ef aðsókn verður mikil er því miður ekki öruggt að allir fái vinnu þar sem takmarka verður fjölda þeirra sem geta verið í einu. Umsóknarfrestur er til 25. maí og skráning fer fram á skrifstofunni í síma 486-6014. Sveitarstjóri.

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.



Næsta fréttabréf kemur út 14. júní. 2012.

Skilafrestur efnis 10. júní. 2012.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri

Opnunartími skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps er mánudaga-fimmtudaga kl. 9–12 og 13–15.

Sími á skrifstofu: 486-6014 - Fax 486-6091

Sími í Áhaldahúsi 486 6118 og þar starfa þeir

Ari Einarsson 893-4426 og Jóhannes Eggertsson 864-6904

Netföng þeirra eru:

ari@skeidgnup.is - joi@skeidgnup.is



Að gefnu tilefni!

Þau föt sem gefin eru til Rauða Krossins og sett eru í gámana hér á gámasvæðunum þarf að setja í **góða plastpoka og binda vel fyrir**.

Þá haldast þau óskemmd þar til gámurinn er losaður.

Með góðri kveðju. **Ari og Jói í Áhaldahúsinu.**

Landnámsdagur 2012!

Laugardaginn 9. júní verður haldinn Landnámsdagur í Skeiða- og Gnúpverjahreppi í fjórða sinn.

Að þessu sinni hefst dagurinn formlega í Áshildarmýri kl. 11:00 með kórsöng og pistli um Ólaf Tvennumbrúna.

Opin hús verða í Grænuhlíð og á Blesastöðum 1a fyrir hádegi.

Dagskrá síðdegis verður í Skaftholtsréttum að þessu sinni.

Þar verður slegið upp tjaldi og boðið upp á kjötsúpu að hætti landnámsmanna.

Ýmislegt verður til skemmtunar, smalahundar sýna listir, teymt undir börnum, kirkjukórinn syngur og harmonikkuleikari verður á staðnum.

Í Þjórsárdalsskógi verður boðið upp á skógarkaffi.

Opið í Þjóðveldisbæ, á Stöng, og í Þjórsárstofu, Árnesi og opin sýning í Búrfelli. Allir sem eiga búninga klæðast þeim í tilefni dagsins. Dagskráin verður nánar auglýst síðar.

Landnámsdagsnefnd.

Fótbolti! Fótbolti! Fótboltaæfingar
á mánudögum kl 20:30 á sparkvellingum í Árnesi!



Boðað er til aðalsafnaðarfundar þriðjud.

15. maí í Stóra-Núpskirkju kl. 20:30.

Venjuleg aðalsafnaðarfundarstörf.

Dagskrá.

1. Skýrsla formanns og gjaldkera.
2. Orgelkaup í Stóra-Núpskirkju.
3. Kosningar; kjósa þarf tvo skoðunarmenn reikninga til eins árs og tvo til vara.
4. Önnur mál, löglega fram borin.

“Prufueintak” af nýju orgeli verður til sýnis í kirkjunni og organistinn ætlar að leyfa okkur að heyra hvernig það hljómar.

Gaman væri að sjá sem flesta.

Sóknarnefnd.





Á sumardaginn fyrsta, 19. apríl síðastliðin veitti umhverfisnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps féluginu Vinir Skaftholtsréttta umhverfisverðlaun Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir árið 2011.

Skaftholtsréttir eru einar elstu ef ekki elstu réttir landsins. Vitað er að réttir hafa staðið vestan undir Skaftholtsmúla í aldaraðir og er Skaftholtsréttta m.a. getið í frásögn í Sturlungu sem á að hafa gerst árið 1283. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 er sagt frá því að mikill átroðningur sé á Skaftholtsjörðinni vegna réttanna því öllu afreitarfé úr Gnúpverjahreppi, af Skeiðum, Flóa og Eyrarbakka sé réttað þar og uppéti það ásamt hestum réttamanna haga jarðarinnar ár hvert svo ábúandi þurfi að þiggja haga af öðrum

“en ábúandi fær þó fyrir þennan átroðning engan betaling”.

Öllu fé af Gnúpverjaafétti og Flóa- og Skeiðamannaafrétti var réttað í Skaftholtsréttum þar til Reykjaréttir voru reistar árið 1881.

Væntanlega hefur oft þurft að ditta að réttunum í gegnu aldirnar en árið 1954 voru þær orðnar mjög illa farnar og því hafin á þeim endurbygging sem lauk 1956. Þá var rétt um hvernig endurbyggingunni yrði hagað og ákveðið að endurhlaða þær samkvæmt gamla laginu, með torfi og grjóti. Þá var einnig þess farið á leit við fornminjavörð að taka þær í sína umsjá.

Í Suðurlandsskjálftanum árið 2000 má segja að Skaftholtsréttir hafi meira eða minna hrunið.

Fólki var brugðið við að sjá réttirnar sínar svo illa farnar og strax varð ljóst að áhugi var fyrir að byggja þær upp í sömu mynd og áður og um það var einhugur í hreppsnefnd. Endurbyggingin var mikið verk og vandasamt.

Haustið 2005 var félagið Vinir Skaftholtsréttta stofnað með það markmið að endurbyggja þetta merkilega mannvirki. Vorið eftir var skrifað undir yfirlýsingu um samstarf Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Vina Skaftholtsréttta um endurbyggingu réttanna.

Frá upphafi hefur verið vel vandað til þessa verks og það gert í samráði við Fornleifavernd ríkisins. Fagmenn voru fengnir til að hlaða upp veggina en mjög margir hafa lagt hönd á plóg við ótal margt sem nauðsynlegt var, t.d. rífa fallna veggir og sjálfboðavinna hefur verið mikil. Haldnir hafa verið sérstakir vinnudagar og þeir verið vel sóttir. Þessir dagar hafa einkennst af áhuga, samstöðu, vinnugleði og myndarleik.

Margir hafa lagt hönd á plóg, ungir og aldnir heimamenn, brottfluttir Gnúpverjar, sumar-bústaðaeigendur og gestir. Vinnan við réttirnar hefur elft samstöðu og treyst vináttubönd og sýnt að margar hendur vinna létt verk og góður félagsskapur gerir vinnuna léttu. Allt hefur þetta verið unnið undir góðri stjórn og forystu Vina Skaftholtsréttta.

Nú þegar uppbyggingu Skaftholtsréttta er lokið blasir við einkar fagurt mannvirki, sem stendur á gömlum merg. Nánasta umhverfi réttanna hefur einnig verið lagað svo bæði réttirnar sjálfar og umgjörðin í kring mynda fallega heildarmynd sem er sannkölluð sveitarprýði. Ásjóna, snyrtimennska og umgengni er til fyrirmyndar.

Með uppbyggingu réttanna hefur dýrmætum menningararfi verið viðhaldið og sómi sýndur, hefðbundin verkkunnátta, þ.e. hleðslulist notuð og um leið kynnt.

Vinir Skaftholtsréttta hafa haft umsjón og forystu í uppbyggingunni sem hefur tekist einstaklega vel og á fyrir það heiður skilið.



Umhverfisnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Fermingar um Hvítasunnuna.

Stóra-Núpskirkja.

Laugardagur fyrir Hvítasunnu 26. maí, kl.13:00.

Sesselja Hansen Daðadóttir, Birkikinn

Stefanía Katrín Einarsdóttir, Hæl 2

Organisti: Stefán Þorleifsson.

Ólafsvallakirkja. Hvítasunnudagur 27. maí, kl.11:00.

Arnhórf Ingvar Hjörvarsson, Hlemmiskeiði 6

Organisti: Þorbjörg Jóhannsdóttir.

Sóknarprestur.



Vorverkastund í Stóra-Núpskirkjugarði 22. maí, kl. 20:00!

Sóknarnefnd verður á staðnum með mold og verkfæri til aðstoðar fyrir þá sem hafa áhuga á að lagfæra leiði og planta blómum fyrir hvítasunnuna og sumarið.

Notið tækifærið!

Kakó, kaffi og eitthvað með.

Sóknarnefndin.


Frá útivistarnefnd Kvenfélags Gnúpverja.

Hittumst á mánudögum við Árnes kl. 17.00

og göngum í c.a eina klukkustund, allir velkomnir.

Ganga er ódýrasta líkamsræktin.

Bestu kveðjur. Dúdda og Hrafnhildur



Afréttakort milli Þjórsár og Hvítár!

Eigum ennþá til sölu á skrifstofunni í Árnesi, endurútgefna kortið, af afréttum Gnúpverja, Flóamanna og Hrunamanna og kostar **kr. 500.–**

Gott í vasann og eykur öryggi!

30. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, þriðjudaginn 24.04.2012 í Árnesi kl. 13:00.

Mættir: Gunnar Örn Marteinsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason. Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Einnig mætti á fundinn Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi hjá KPMG. Gunnar Örn setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera. Gunnar oddviti fór lauslega yfir þau mál sem eru á dagskrá.

1. Ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2011 lagður fram. Einar Sveinbjörnsson endurskoðandi frá KPMG útskýrði ársreikninginn. Einar gat þess að ársreikningur sveitarfélaga skuli vera afgreiddur fyrir 15 maí hverju sinni samkvæmt nýjum lögum. Endurskoðandi undirriti ársreikninginn við síðari afgreiðslu hans. Einar gat um ákvæði í nýjum reglum um reikningsskil sveitarfélaga. Sveitarfélög megi ekki skulda meira en 150 %. (skuldahlutfall) af tekjum þess. Rekstrarjöfnuður skuli vera jákvæður á hverju 3 ára tímabili. Það er að segja samanlögð rekstrarniðurstaða þriggja ára skuli vera jákvæð. Birta skal upphaflegu fjárhagsáætlunina ásamt viðaukum.

Heildartekjur A hluta 403 mkr. Áætlun gerði ráð fyrir 392 mkr. Þar af voru útsvör og fasteignaskattur 303,7 mkr. Þar er hækkun um 24,3 mkr. Rekstrargjöld utan fjármagnsliða eru 369 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er jákvæð um 34,9 mkr. Rekstrarniðurstaða eftir fjármagnsliði eru 37,3 mkr.

Heildartekjur A og B hluta 412 mkr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um 36,7 mkr. Afkoma hafði batnað um 25 mkr milli ára.

Handbært fé í árslok 94,0 mkr. Nokkur umræða varð um tilfærslur frá aðalsjóði til annarra deilda.

Samkvæmt efnahagsreikningi nemur bókfært virði fastafjármuna A og B hluta 441,5 mkr á móti 409,8 árið 2010. Verðmæti veltufjármuna 137,3 mkr. heildar eignir samtals 578,9 mkr. Af helstu lykiltölum má nefna að skuldahlutfall (skuldir/rekstrartekjur) er 26 % og hefur það lækkað úr 36 % frá árinu 2010. Eiginfjárhlutfall í lok árs 2011 er 81,9 % á móti 76,2 % árið 2010. Útsvarstekjur í hlutfalli við rekstrartekjur er 36,7 % og vekur athygli að það hlutfall hefur hækkað úr 32,7 % árið 2010. Skatttekjur á íbúa eru 703 þkr. á móti 668 þkr. árið áður.

Ársreikningi vísað til síðari umræðu.

2. Skipulag í Þjórsárdal. Framhald frá fundi nr. 29. Gísli Gíslason landslagsarkitekt hjá Steinholti ehf. mætti á fundinn.

Gunnar oddviti óskaði eftir að Gísli myndi fara yfir verkáætlun vegna rammaáætlunar fyrir ferðaþjónustu og útivist í Þjórsárdal. Í rammaáætlun þessari felst stefnumörkun sveitarstjórnar um áherslur á sviði ferðaþjónustu, útivistar og samgangna. Í aðalskipulagi kemur fram að vinna skuli deiliskipulag um Þjórsárdal.

Gísli taldi eðlilegt að unnið væri einhverskonar rammaskipulag. Svæði sem verið er að horfa til er afmarkað í loftmynd. Stærð lands áætluð ekki minni en 200 ferkm. Innan þessa svæðis er land í einkaeigu, hluti þjóðlenda og hluti í eigu Skógræktar ríkisins.

Gísli segir fjölbreytt eignarhald ekki fyrirstöðu við vinnuskipulag þess. Gísli leggur áherslu á að haldinn verði íbúafundur um skipulagið innan tíðar. Oft geti tillögur einstaklinga og landeigenda fallið vel að skipulagsmálum. Varðandi innihald verkáætlunar. Kortleggja ferðapjónustustaði.

Forsögn fyrir nánara skipulag. Eðlilegt sé að vinna það í samráði við hugsanlega aðila sem hafi áhuga á að byggja upp slíka þjónustu. Oddviti nefndi að æskilegt væri að bent væri á af heimamönnum og hagsmunaaðilum hvað skuli vera hvar á svæðinu. Gísli ræddi um að ferða og upplýsingamiðstöð væri æskileg á svæðinu. Helst við aðkomu af þjóðvegi. Gísli hefur sett upp áætlun um skiptingu verksins. Sveitarstjórn samþykkir í upphafi að veita 1mkr. Til verksins. Íbúafundur ákveðinn 7. maí kl 20:30 í Árnesi. Sveitarstjóra falið að boða fundinn.

3. Staða á undirbúningi að ljósleiðaralagningu. Guðmundur Danielsson verkfræðingur og sérlegur ráðgjafi sveitarfélagsins í verkefninu mætti á fundinn. Gunnar oddviti greindi frá því að fyrr um daginn hefðu Guðmundur, oddviti og sveitarstjóri farið á fund með fulltrúum Verkfræðistofu Suðurlands. Samið hefur verið um að stofan vinni útboðsgögn fyrir verkið þar kom fram að þeir muni verða tilbúnir með gögnin um miðjan maí og framkvæmdir ættu að geta hafist snemma í júní. Hann sagði frá því að Guðmundur hefði verið ráðinn til að vera sérlegur ráðgjafi verkefnisins. Oddviti gaf Guðmundi orðið. Í verkefninu fólst að fara á öll lögbyli sveitarfélagsins og veita kynningu á því hvað ljósleiðaralagningin hefur í för með sér. Farið var fram á skriflega undirskrift fyrir samþykki um þátttöku í ljósleiðaraverkefninu. Markmið verkefnisins var að kanna hug íbúa. Viðbrögð hafa verið afar góð. Allir landeigendur veittu sitt leyfi. 135 tilbúnir til að fá tengingar. Samtals notendur 147 tilbúnir en 2 ekki tilbúnir. Nokkuð var óskað eftir að leiðum væri hnikað til og var þeim sjónarmiðum komið á framfæri. Við aðila sem ekki hafa lögheimili í sveitarfélaginu hefur ekki verið rétt. Ekki liggja fyrir samningar íbúða í eigu sveitarfélags og Íbúðalánasjóðs. Guðmundur sagði frá fundi hans og sveitarstjóra með stjórnendum Póst og fjarskiptastofnunar. Þar hvöttu menn til þess að ljósleiðaraverkefnið yrði rekið í sér félagi. Mörg rök hnigi að því. Auk þess var þar lagt upp úr mikilvægi vandaðrar kostnaðaráætlunar.

Skafti benti á að æskilegt væri að sækja um styrk úr fjarskiptasjóði.

Á allra næstu dögum verður sent út bréf til þeirra aðila sem ekki eru með lögheimili í sveitarfélaginu en eiga sumarhús eða jarðir.

Samþykkt sveitarstjórnar miðast við íbúaskrá 1. júní 2012. Sveitarstjóra falið að vinna að kostnaðaráætlun yfir ljósleiðaraverkefnið og vinna að stofnun félags um reksturinn.

4. Leigusamningur um Hólaskóg milli sveitarfélagsins og Gljástains ehf. Leigusamningur samþykktur samhljóða.
5. Uppsögn Matstofunnar Árnesi ehf á samningi við sveitarfélagið um aðstöðu í félagsheimilinu Árnesi og samningi við sveitarfélagið um mötuneyti. Uppsögn samnings samþykkt. Sveitarstjóra falið að ræða við Gauta hjá Matsofunni Árnesi.
6. Minnisþingur frá fundi sveitarstjóra og oddvita Þjórsársveita 12. apríl 2012. Lagt fram og kynnt.

Mál til kynningar

- A. Tillögur að lýsingu skipulags fyrir aðalskipulagsbreytingar í uppsveitum Árnessýslu og Flóahreppi. Lagt fram til kynningar.
- B. Arðgreiðsla Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. Lagt fram til kynningar.
- C. Fundargerð 455. stjórnar SASS. 13. apríl 2012. Lagt fram til kynningar.
- D. Lýsing vegna deiliskipulags fyrir minkabú að Ásum kynning á áformum. Lagt fram til kynningar.

Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn 8. maí.

Fleira ekki. Fundi slitið kl. 17:15

Laugarvatn Fontana

Priðjudaginn, 15. maí

hefst sumaropnun okkar, en þá opnum við

kl. 11:00 og höfum opið til 22:00 alla daga vikunnar út september.

Við hvetjum ykkur að fjárfesta í árskortir strax fyrir sumarið, en þá hækkar verðskráin okkar einnig lítillega.

Í kaffiteríunni okkar bjóðum við meðal annars upp á silung, reyktan í Útey sem við berum fram á okkar eigin rúgbrauði.

Þetta þykir mörgum nauðsynlegur hluti af gufubaðinu.

Síminn hefur ekki breyst, 486 1400.



Getur þú hjálpað

þegar á reynir?



Rauði kross Íslands
Árnesingadeild

Nú er blessað sumarið loksins komið og tilvalið að skella sér á skyndihjálparnámskeið fyrir sumarfríið.

Árnesingadeild Rauða kross Íslands heldur 5 kennslustunda skyndihjálparnámskeið í húsnæði deildarinnar að Eyravegi 23, á Selfossi

30. maí kl. 18 til 22. Þátttökugjald er kr. 4.500.-

Rétt er að benda á að flest stéttarfélög veita styrki til að sækja námskeiðið.

Námskeiðið er ókeypis fyrir sjálfboðaliða deildarinnar og eru þeir hvattir til að mæta. Skráning í síma 482-4445, 892-1743 og á netfangið

redcrossarn@simnet.is

Að kunna skyndihjálp hefur bjargað mannlífum!

Hross!



Ferðapjónustan Steinsholti óskar eftir hrossum til láns í sumar, annað hvort í stakar ferðir eða í lengri tíma, leggjum áherslu á góða meðferð og hóflega brúkun. Erum einnig til í að kaupa nothæf hross í hestaferðir fyrir allt að kr. 100.000 stykkið.

Upplýsingar í síma 486-6063 eða 863-8270.

Vorfundur Kvenfélags Skeiðahrepps.

Vorfundur Kvenfélags Skeiðahrepps verður haldinn miðvikudagskvöldið 30. maí n.k. Að þessu sinni ætlum við að fara að Grímsborgum í Grímsnesi. Lagt verður af stað frá Kertasmiðjunni í Brautarholti kl. 19:45.

Tilkynna þarf þátttöku í síðasta lagi 28. maí til Jóhönnu Vilhjálms s: 864-6101 eða Jóhönnu Lilju s: 696-6877.

Rætt verður m.a. um fyrirhugaða utanlandsferð og árgjöldin rukkuð inn. **Stjórnin.**



Til sölu!

2ja ára, 24", 21 gíra **Trek** strákaffallahjól, blátt og svart. Einnig til sölu 2ja-3ja ára 3ja gíra **Windsor Bronco** kvenhjól!

Upplýsingar í síma 848 -1474



19. júní reiðtúrinn!

Kæru konur! Við viljum minna ykkur á að taka 19. júní daginn frá! Eigum góðan dag saman og ríðum út. Nánar auglýst síðar.

Hestakveðjur. Kirsten og Kristín.

MENN OG MÁLEFNI!



Dórótea Höeg Sigurðardóttir útskrifaðist sem M.Sc í byggingarverkfræði frá Princeton university, USA og mun hún halda áfram í doktorsmámi við sama skóla. Innilega til hamingju!

Verið dugleg að senda mér útskriftarfréttirnar, það er svo gaman að fá að gleðjast með ykkur þegar slíkum áfanga er náð. frettabref@skeidgnup.is

Khg.



Komiði sæl.

Mér var falið að segja ykkur aðeins frá vísindastarfinu okkar í Leikholti. Í vetur hafa öll börnin í Stórholti farið einu sinni í viku í vísindastarf, stundum hafa hóparnir farið saman en svo aðra daga nokkrir krakkar saman, blandað úr hópunum. Það er nánast allt sem okkur dettur í hug sem gæti flokkast sem gilt í vísindastarfi. Aðalatriðið er að börnin hafi áhuga, spyrji spurninga og leiti svara við spurningunum. Þau læra í gagnvirkum samspiktum við umhverfi sitt og hafa kennara sér við hlið til að læra með þeim og upplifa með þeim stórkostlega hluti.



Ljós og skuggar - Arnór Ingi, Hrafnkell Flóki og Vésteinn.

Við völdum verkefni svolítið eftir árstíðum og sólargangi.

Haustið einkenndist af smádyrum og lífríki, þegar dimma tók skoðuðum við ljós og skugga. Í frostinu spáðum við í

eiginleika vatnsins og hvernig það skiptir um form. Svo nú með vorinu förum við aftur að huga að náttúrunni og sjá hana lifna við á ný.

Stærðfræðin hefur tekið stóran sess hjá okkur, því hún er jú mjög mikilvæg í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur.

Allt eru þetta frábærir krakkar með mikinn námsþorsta, ég þarf að hafa mig alla við í að fylgja þeim eftir.

Mbkv. Sigrún.



Hvað flýtur og hvað sekkur? - Hrafnkell, Saga, Sindri og Vésteinn.



Sandleir; Baldur Már, Saga María, Vésteinn, Eyþór Ingi og Anton Óskar.

Numiconstærðfræði - Ólöf María og Þórhildur



Undur segulsins - Ari, Hekla Sigurborg og Guðmundur Johan



Stærðfræði - Þórhildur og Davíð telja.



Ljós og skuggar - Eyþór Ingi og Hildur Kristín.



Eiginleikar vatns - Hildur Kristín, Baldur Már, Eyþór Ingi og Vésteinn.

Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf - Beðahreinsun

Garðsláttur - Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufraeðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is



Kæru íbúar Skeiða og Gnúpverjahrepps.

Undirritaður hefur þegar þetta er ritað starfað á skrifstofu sveitarfélagsins í tæpa tvo mánuði. Ég kann mjög að meta þær góðu viðtökur sem ég hef fengið. Viðfangsefni sveitarstjóra eru fjölbreytt og það tekur talsverðan tíma að setja sig inn í allt það sem að mér snýr í starfinu. Ég tek við afar góðu búi og líkar vel að fást við þau verkefni sem mér hafa verið falin. Ég vona að samskiptin við sveitarstjórn, starfsmenn sveitarfélagsins og íbúana verði með jafnmiklum ágætum og hingað til. Þau ykkar sem ég hef ekki hitt þegar vonast ég eftir að hitta sem flest innan tíðar. Eitt stærsta verkefni næstu mánaða á vegum sveitarfélagsins er lagning ljósleiðara-strengs á alla bæi í sveitarfélaginu. Mér finnst sveitarstjórn sýna mikla framsýni og metnað með því að standa fyrir þessu verkefni. Ég efast ekki um það muni verða mikið framfaraspor fyrir íbúa hreppsins. Ekki kæmi mér á óvart þó það myndi laða að nýja íbúa.

Undir lok mánaðarins verður Þjórsárstofa opnuð í Árnesi. Nokkuð meira verður lagt í sýninguna nú en á síðasta ári. Í stóra salnum verða skjáir og margmiðlunar búnaður notaður. Auk þess er verið að setja upp nýtt hljóðkerfi sem mun eflaust nýtast við sýninguna.

Sem gestkomandi í þessa sveit hef ég skynjað að ferðamannastraumur er hér verulegur. Mér sýnist að það séu góð tækifæri til efla ferðaþjónustuna betur og það séu ýmsar leiðir til að hafa betur ofan af fyrir ferðamönnum en þegar er gert. Með tíð og tíma trúi ég að ferðaþjónustan muni skapa fleiri störf í sveitarfélaginu. Það er margt sem skapað getur skilyrði til þess. Hér er fjöldinn allur af náttúruperlum og sagan er við hvert fót mál. Auk þess eiga margir er leggja leið sína á hálendið leið hér í gegn. Í Þjórsárdalnum sem er eitt fallegasta kennileiti sveitarfélagsins er nú verið að undirbúa skipulagsvinnu og er það vafalaust mikið framfaraskref. Ágætur fundur um skipulagsmál sem haldinn var hér í Árnesi fyrir skömmu staðfestir mikinn áhuga á þeim málum.

Nú þegar sumarið er framundan er við hæfi að óska öllum farsæls sumar.

Kristófer Tómasson sveitarstjóri.

Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsinu, Brautarholti.



Opið fimmtudagskvöld kl. 20:00 -22:00

Alltaf hægt að skila bókum um lúguna!



bokasafn@skeidgnup.is S: 486-5505 www.gegnir.is

*Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá
Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.*



Landgræðsludagur

Landbótafélag Gnúpverja stendur fyrir landgræðsludegi mánudaginn 11. júní næstkomandi inn við Sandafell. Skráning í ferðina er hjá Bjarna í síma

862-4917 fyrir 8. júní.

Hvetjum sem flesta til að mætta og leggja góðu málefni lið.

Stjórnin.

Vorfundur Kvenfélags Gnúpverja verður haldinn í húsnaði Landstólpa í Gunnbjarnarholti kl. 20:30 mánudagskvöldið 21. maí.

Stjórnin.



Leikjanámskeið!

Eins og undanfarin ár tökum við þátt í leikjanámskeiði á vegum HSK dagana 5.-15.júní. Námskeiðið stendur yfir í níu daga í 2 og 1/2 klst. í senn og eru þau ætluð börnum á aldrinum 6 - 12 ára. Námskeiðið byrjar fyrir hádegi kl. 9:00 og er til kl. 11:30. Íþróttakennarinn Ólafur Guðmundsson kennir á námskeiðinu í ár, líkt og í fyrra.

Mikil áhersla er lögð á að kenna leiki og sem flestar íþróttagreinar á námskeiðunum, svo sem knattspyrnu, frjálsar íþróttir, hjólreiðar, sund, gönguferðir, körfuknattleik, alls kyns þrautir og sitthvað fleira.

Krakkarnir eiga að mæta með nesti! Kostnaður er kr. 4.000 á barn, kr. 7.000 á systkini. Skráning fyrir 4. júní hjá Lára í síma 486 5514 / 847 5353. Munið svo eftir íþróttæfingunum í Brautarholti á miðvikudögum kl. 17-18. Fyrir 6-16 ára. Rúnar Hjálmarsson sér um æfingarnar. Stjórnin.

Ert þú vinur?

Styrkið gott málefni og fáíð ykkur miða, fyrir lífið sjálft.

Umboðsmaður
Sigrún Fossnesi.

Sími 486-6079 og 895-8079
fossnes@uppsveitir.is

Happadrætti S.Í.B.S.

Fjör í Flóa !

Nú er búið að dagsetja fjölskyldu- og menningarhátíðina **Fjör í Flóa** og verður hún haldin helgina **1.-3. júní.**


Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir
Sími: 899-9684 vatnsholt1@isl.is



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Skóla- íþrótt og æskulýðsþing

Blásið var til sameiginlegs skóla- og æskulýðsþings hjá Hrunamannahrepp, og Skeiða- og Gnúpverjahrepp þriðjudaginn 17. apríl. Tilgangurinn með þinginu var að fá íbúa sveitafélaganna og nemendur á öllum aldurstigum til þess að ræða saman og koma skoðunum sínum á framfæri. Nemendur hittumst um hádegi og ræddu um það hvernig þeir vildu hafa skólann sinn, tómstundirnar og íþróttirnar. Fullorðna fólkið hittist síðar um daginn og ræddi það sem betur mátti fara í skóla- og æskulýðsmálum.



Heilsueflandi dagur

Miðvikudaginn, 25. apríl var þemavinnan í tengslum við heilsueflandi grunn-skóla. Eftir áramót hefur áhersla verið lögð á næringu, tannheilsu og hreinlæti. Þemavinnan byrjaði eftir morgunkaffið, rétt upp úr tíu. Kennarar skólans sýndu nemendum tvö stutt kennslumyndbönd frá Lýðheilsustöð um tannhirðu og hollt mataræði upp í sal. Að því loknu var nemendum skipt niður í þör, einn úr yngri bekkjunum og einn úr eldri bekkjunum saman. Þörunum var svo skipt niður í fjóra hópa til að vinna í verkefni um fæðuhringinn. Nemendur bjuggu til stóran fæðuhring og teiknuðu og lituðu næringarflokkana inn í hann, klipptu út og límdu inn í hringinn. Á meðan nemendur unnu við verkefnið ræddu kennarar við þau um hollt mataræði, góða tannhirðu og almennt hreinlæti. Verkefnið og samstarf nemenda gekk mjög vel og var fæðuhringurinn vel unninn af vandvirkni og alúð.



Norræna skólahlaupið og íslenskupema

Í síðustu viku fórum við inn í Þjórsárdalsskóg og tókum þátt í Norræna skólahlaupinu. Það er greinilegt að nemendur í skólanum eru ofurhraustir en nemendur í 4.-7. bekk hlupu rúmlega 5 km. og nemendur í 1.-3. bekk hlupu 2x1km. Eftir hlaupið fengum við okkur nesti og fórum síðan í leiki og verkefni sem tengd voru við íslensku.

Markmiðin með þeim voru t.d. að efla hljóðkerfisvitund, stafsetningu, orðaforða og máltilfinningu. Einnig að efla hreyfingu, samvinnu, félags- þroska og athyglisgáfu nemenda. Ferðin gekk vel þrátt fyrir að veðrið hafi ekki verið okkur hlið-hollt. Það rigndi mikið en allir voru klæddir eftir veðri.



Landgræðsluferð 5. – 7. bekkur

Fimmtudaginn 3. maí gengum við úr skólanum og upp á Skaftholtsfjall þar sem Sigbrúður hitti okkur og ræddi við okkur um uppgræðslu og sáningu. Við skoðuðum reitina okkar og skráðum hjá okkur breytingarnar á þeim síðan í haust. Síðan bárum við á og sáðum á nýtt svæði. Sigbrúður lét okkur einnig ganga um og þjappa jarðveginn, þar sem við höfðum sáð. Skólabílarnir sóttu okkur við lok dags og keyrðu okkur aftur í skólann.

„Við erum frábær“

Nú á vordögum höfum við verið að vinna með fjölbreytt viðfangsefni í 1.-2. bekk samhliða hefðbundnu námsefni.



Við höfum nýlokið við heildstætt verkefni úr sögunni Blómin á þakinu, þar sem tengdar voru saman margar námsgreinar. Í ritun erum við að æfa okkur að skrifa sögur og frásagnir og notum til þess orðaskjóður og hugarkort. Þá höfum við nýlokið við vináttuverkefnið: „Við erum frábær“ sem við hengdum upp á vegg í skólanum.

Hver og einn gerði bakgrunn sem lýsti uppáhaldslitunum hans og sjálfsmýnd, sem sett var ofan á. Síðan skrifuðu þeir eitt atriði um sig sjálfa og settu við myndina sína. Ofsalega flinkir krakkar, bæði í að hrósa sjálfum sér og öðrum.

Í smíði erum við að æfa okkur í að pússa og negla nagla og í heimilisfræði erum við að baka kökur, nesti til þess að taka með

okkur þegar við förum í göngutúr heim til Árdísar núna í maí. Hún hefur boðið okkur að koma og skoða nýfæddu lömbin.



Þjórsárdalsskógur - Stöðvavinna
Þriðjudaginn 8. maí förum við í 1. – 5. bekk í skógarferð. Þar var nemendum skipt í fimm hópa og farið var í stöðvavinnu. Stöðvarnar voru fjölbreyttar og skemmtilegar en helsta markmiðið með þeim var að efla samvinnu og hjálpsemi. Við vorum með tálgunarstöð, íþróttastöð, vefnaðarstöð, leikritastöð og flekastöð

og nemendur voru 25 mínútur á hverri stöð. Allir komu með sitt nesti sem nemendum fannst mjög spennandi. Við komum til baka í skólann um hádegi og allir voru jákvæðir og glaðir með daginn.



Mikilvægar dagsetningar í maí

Þriðjudagur 22. maí - Sundkeppni og íþróttastöðvar

Miðvikudagur 23. maí – Vorverk og farið verður að Kálfá að vaða.

Fimmtudagur 24. maí – Vorferðir

Föstudagur 25. maí - Skólaslit



Kær kveðja.

Bolette og
Kristín.



Tapað—fundið

Lyklakippa m/ ca þremur húslyklum týndist einhvers staðar.. er á bláu hálsbandi með þýskum texta!

Finnandi hafi samband í síma 861-7013



LAGNA
POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

Að gefnu tilefni!

Hundaeigendur! Góðfúslega gætið að hundum ykkar í sambandi við lambféð, það er viðkvæmt á þessum tíma og lausaganga hunda á þá ekki við, enda er hún bönnuð!

31. fundur haldinn í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps, þriðjudaginn 08 maí.2012 í Árnesi kl. 13:00.

Mættir: Gunnar Örn Marteinnsson, Jón Vilmundarson, Harpa Dís Harðardóttir, Oddur Guðni Bjarnason og Björgvin Skafti Bjarnason. Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.

Gunnar Örn setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera. Gunnar oddviti fór lauslega yfir þau mál sem eru á dagskrá.

1. Ársreikningur Skeiða og Gnúpverjahrepps fyrir árið 2011 síðari umræða.
Reikningur lagður fram og samþykktur samhljóða.
2. Fundargerð aðalfundar embættis skipulags og byggingafulltrúa uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps bs. Haldinn 23.04 2012. Fundargerð samþykkt samhljóða. Innan fundargerðar er gjaldskrá embættisins og var hún einnig samþykkt samhljóða.
3. Fundargerð skipulags og bygginganefndar 46.fundar. Haldinn 23.04.2012.
4. Fundargerð skólanefndar grunnskóla.24.04.2012. Fundargerð samþykkt samhljóma.
5. Fundargerð skólanefndar leikskóla haldinn 30.04.2012.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

6. Fundargerð fræðslunefndar Flúðaskóla haldinn 30.04.2012.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

7. Deiliskipulag Minkabús að Ásum. Ívar Pálsson lögmaður sendi sveitarfélaginu álitsgerð. Auk þess var lögð fram loftmynd er sýnir afstöðu fyrirhugaðs minkabús. Sjá fylgiskjöl.

Allnokkrar umræður urðu um málið og eftirfarandi bókað.

Lögð var fram tillaga að deiliskipulagi fyrir minkabú á spildu úr landi Ása í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Um er að ræða um 4,5 ha spildu sem liggur upp að Stóra-Núpsvegi nr. 382, alveg við minkabúið Mön. Innan skipulagssvæðisins eru tveir byggingarreitir. Í öðrum þeirra verður heimilt að reisa minkahús sem samtals geta orðið allt að 8.880 fm að stærð og í hinum er gert ráð fyrir tveimur allt að 6 m háum tönkum. Tillagan var kynnt skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á kynningarfundi sem haldinn var á skrifstofu sveitarstjórnar í Árnesi þann 2. maí sl. en áður hafði lýsing skv. 2. mgr. 40. gr. laganna verið kynnt með auglýsingu í Dagskránni og Fréttablaðinu auk þess sem aðliggjandi landeigendur fengu hana sérstaklega senda. Tillaga samþykkt með fjórum atkvæðum. Gunnar Örn Marteinnsson greiddi atkvæði gegn tillögunni.

Hann óskaði eftir að eftirfarandi yrði bókað: Ljóst er að deiliskipulagstillagan takmarkar landnot nærliggjandi jarða með vísan í 4. mg. 24. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002, eigendur tveggja nærliggjandi jarða hafa í lýsingarferli tillögunnar sent inn athugasemdir við framkvæmdirnar og er ljóst að andstaða er að þeirra hálfu við áformin sem fram koma í tillögunni, því tel ég ekki skynsamlegt að auglýsa hana nema fyrir liggi samkomulag við þá landeigendur sem tillagan kemur til með að takmarka landnot hjá.

8. Þingskjal 1165 — 727. mál. Tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Oddviti lagði fram eftirfarandi greinargerð við ofangreinda tillögu.

Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps telur að vinna við gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúruauðlinda muni ekki ná þeim tilgangi sem að var stefnt vegna þess að búið er að taka málið úr þeim faglega farvegi sem verkefnastjórn rammaáætlunar vann sína vinnu í og setja málið í þann pólitíska búning sem fram kemur í frumvarpinu og þar með sé sú sátt sem ná átti um málflokkinn að engu orðin. Sveitarstjórn vísar að öðru leiti í athugasemd sem send var inn í opnu samráðs- og kynningarferli rammaáætlunar og samþykkt var í sveitarstjórn 4. október 2011 og fylgir með í um-sögn þessari.

„Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps fagnar því að vinna við rammaáætlun skuli vera á lokastigi og telur mikilvægt að faglegt mat ráði því í hvaða flokka virkjanakostir flokkast og pólitík hafi sem minnst áhrif þar á.

Nokkrir virkjanakostir sem eru á skipulagssvæði sveitarfélagsins í Hvítá og Þjórsá eru teknir fyrir í rammaáætlun og raðað í mismunandi flokka eftir því sem verkefnastjórnin telur viðeigandi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við þá röðun að öðru leiti en því að við teljum að Norðlingaölduveita í 566-567,5 m y.s. án setlóns hefði átt að fara í biðflokk en ekki í verndunarflokk eins og tillagan gerir ráð fyrir.

Rökin fyrir því álit er að ekki hefur farið fram sérstakt umhverfismat vegna þeirrar framkvæmdar og þess vegna liggur ekki fyrir hver áhrif hennar yrðu á umhverfið og þá einkum Þjórsárverin. Veita í fyrr greindri hæð kæmi til með að standa utan ver-anna. Röksemdarfærsla formanns nefndarinnar á kynningarfundi um rammaáætlun á Selfossi þann 21. september 2011 fyrir því að setja veituna í verndunarflokk voru að gert væri ráð fyrir stækkun friðlandsins í Þjórsárverum í náttúruverndaráætlun en samkvæmt henni virðast mörkin til suðurs dregin talsvert útfyrir það sem fólk á þessu svæði hefur talið vera hin eiginlegu Þjórsárver. Rétt er að vekja athygli á því að náttúruverndaráætlun 2009-2013 var lögð fram eftir að 12 manna verkefnisstjórn rammaáætlunar var skipuð í september 2007. Þess vegna er eðlilegt að spurt sé hvers vegna verið var að taka einn kost sem var til skoðunar í rammaáætlun og útiloka hann áður en vinna verkefnastjórnar rammaáætlunar lauk? Eins má líka spyrja hvers vegna var þá ekki þessi kostur tekinn strax út úr vinnu verkefnastjórnar þegar náttúruverndaráætlun 2009-2013 lá fyrir ef hún útilokaði veituna? Einnig er rétt að benda á að um nokkurt skeið hefur verið starfandi nefnd sem átti að vinna að hugmyndum um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, áhugi á starfi þeirrar nefndar virðist hafa gufað upp eftir að í ljós kom að fulltrúar sveitarfélaganna á svæðinu töldu eðlilegast að friðlandsmörkin réðust endanlega eftir að verkefnisstjórnin um rammaáætlun hefði lagt faglegt mat á fyrirhugaða Norðlingaölduveitu í 566-567,5 m y.s. án setlóns.

Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps er ekki að taka afstöðu til þess hvort ráðast eigi í framkvæmdir við Norðlingaölduveitu í fyrr greindri hæð en telur eðlilegt að þessi kostur eins og aðrir séu flokkaðir óháð inngripum stjórnvalda eftir að vinna verkefnastjórnar rammaáætlunar hófst og ítrekar það álit að veitan hefði átt að flokkast í biðflokk

uns fram hefði farið umhverfismat á framkvæmdinni.

“Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum.

Oddur Bjarnason greiddi atkvæði gegn tillögunni. Oddur óskaði eftir að bókað yrði að hann styðji framkomna tillögu alþingis.

9. Kjör á fulltrúa á aðalfund Vottunarstofunnar Túns fimmtudag 10 maí 2012.
Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Guðfinn Jakobsson í Skaftholti sem fulltrúa.
10. Endurbætur á aðstöðu í félagsheimili í Árnesi.
Lagðar voru fram teikningar að aðstöðuhúsi við félagsheimilið í Árnesi. Samþykkt að kostnaðargreina bygginguna og sækja um byggingaleyfi. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu.
11. Vátryggingar Skeiða og Gnúpverjahrepps. Samþykkt að bjóða út tryggingar sveitar félagsins og yfirfara virði lausafjármuni þess.
12. Spilda úr landi Miðhúsa. Sveitarstjórn samþykkir að stofnað verði lögbýli á 58,2 ha spildu úr landi Miðhúsa í Skeiða og Gnúpverjahreppi.
Eigendur eru Sigfinnur Þorleifsson og Bjarnheiður Guðmundsdóttir.
13. Útboð á ljósleiðara um Skeiða og Gnúpverjahrepp.
Samþykkt af sveitarstjórn að bjóða út ljósleiðaramál. Reiknað með að útboðsgögn verði tilbúin um 15 maí.

Mál til kynningar

- A. Kjörskrárstofnar vegna forsetakosninga 30. Júní 2012.
- B. Tölvukerfi Skeiða og Gnúpverjahrepps.
- C. Ályktun Þjórarsveita.
- D. Fundargerð Sambands Íslenskra sveitarfélaga nr. 796.
- E. Hópur er vinnur að mati á áhrifum vatnsaflsvirkjana.
- F. Fundargerð stjórnarfundar nr.214 í Sorpstöð Suðurlands.
- G. Umsögn SASS um tillögu til stjórn fiskveiða og veiðigjöld.
- H. Fundargerðir funda Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 141 og 142.
- I. Breyting á aðalskipulagi Skeiða og Gnúpverjahrepps.

Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn 12. júní. 2012

Fleira ekki. Fundi slitið kl. 15:55

Starfskrafta vantar í **Þjórarsstofu** frá 24. maí - 1. september 2012 við upplýsingagjöf og móttöku gesta í Þjórarsstofu í Árnesi. www.thjorsarstofa.is
Umsækjendur þurfa að hafa staðgóða þekkingu á svæðinu, góða tungumála-kunnáttu, (ensku og eitt til tvö önnur tungumál, auk íslensku.) Þá er lipurð og góð færni í mannlegum samskiptum nauðsynleg auk tölvukunnáttu. Um er að ræða vaktavinnu. Vinnutími áætlaður frá kl **9:30 – 18:30**.

Nánari upplýsingar veitir Kristófer sveitarstjóri í síma 486-6014 og Gsm 861-7150. Umsóknir berist fyrir 17. maí á skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps eða á netfangið **kristofer@skeidgnup.is**

VERSLUNIN ÁRBORG S: 486 6006

Kæru sveitungar og ferðamenn. — Alla daga, allan daginn!

Rúnnstykki, Crossant, brauð og vínarbrauð



Bjóðum upp á nokkrar tegundir af rúnnstykkjum baguette og vínarbrauðum, ásamt crossant m/skinu og osti, einnig heilsubrauð og tómatabrauð. Getum líka bakað með stuttum fyrirvara (20 mín) öll brauð eftir pöntun.



Ísvélin er komin á fullt!

Cemtec skeifur í öllum stærðum!



**Öll bætiefni
fyrir kýr, hesta
og kindur**

Verslunin Árborg

Sími 486 6006



LÍFLAND
www.lifland.is



Óskum eftir að ráða starfsfólk í sumar.

Vinnutími eftir samkomulagi.

Verslunin Árborg s:486-6006

Frá Búnaðarfélagi Gnúpverja 2012



Öll tæki félagsins eru eins og áður í umsjón Einars í Heiðarbrún.

Sími: **848-1619**

Gjaldskrá 2012.

Haugsuga 11,5 T	10.000 kr pr. dag
Haugsuga 13,5 T	12.000 kr pr. dag
Skádæla	7.000 kr pr. dag
Brunndæla	7.000 kr, pr. dag
Rafmagns flórhæra	7.000 kr pr. dag
Pinnatætari	4.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.000 kr/klst.
Nýtt Hnífataætari	4.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.000 kr/klst.
Diskaherfi 4,5 m Gæti selst!	3.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.000 kr/klst.
Flaghefill	2.000 kr/klst. Lágmarksgjald 3.000 kr.
Flag- og túnvaltari 6,3 m, með jöfnunarborði	4.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 2.000 kr/klst.
Plógur, fjórskeri, fjölstillanlegur	2.500 kr/klst. Lágmarksgjald 5.000 kr.
Fjaðraherfi	2.500 kr/klst. Lágmarksgjald 5.000 kr.
Hagasláttuvél	3.000 kr/klst, fyrstu 5 klst. síðan 1.500 kr/klst.
Steypuvél Ný vél	100 kr/poka, startgjald 3.000 kr.
Flatvagn 12t (rúlluvagn)	6.000 kr/dag.
Tveggjahesta kerra	4.500 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 6.000 kr/dag
Fjölnotakerra (Ný kerra) (tveimur fetum lengri en sú gamla)	5.500 kr heill dagur, fyrir félagsmenn Búnaðarfélaga Gnúpverja og Skeiða, annars 7.000 kr/dag

Gjaldskráin gildir einnig fyrir félagsmenn í Búnaðarfélagi Skeiðamanna.

Ætlast er til að tæki komi hrein úr útleigu. Ef misbrestur verður á því áskilur Búnaðarfélagið sér rétt til að taka sérstakt gjald fyrir þrif, en það er **15.000 kr**. Skemmdir á tækjum vegna vítaverðs gáleysis greiðast af leigutaka !!

Bent skal á að mögulegt er að fá tæki hjá Búnaðarfélagi Skeiðamanna ef öll tæki Búnaðarfélags Gnúpverja eru upptekin.

Ath. Þegar tækjum er skilað er gott að senda Einari Guðnasyni sms með tímafjölda á tækjum.

Sumarkveðja.

Búnaðarfélag Gnúpverja

Bak við eldavélina!

Nú þegar sumarið fer að ganga í garð og tíminn innanhúss styttest fer maður ósjálfrátt að hugsa um léttari rétti og helst eitthvað fljótlegt. Þessi kjúklingaréttur tilheyrir einmitt sumrinu mínu þar sem hann er bæði fljótlegur og bragðgóður.

Kjúklingur í pestó

3-4 kjúklingabringur (ca. ein á mann)

1 krukka af kryddfetaosti

1 krukka rautt pestó (úr sólþurrkuðum tómötum)

Kjúklingabringurnar eru kryddaðar með Season kryddi (var upphaflega Season All, einnig hægt að nota kjúklingakryddblöndu). Bringurnar síðan steiktar á pönnu í tíu mínútur til að loka kjötinu. Síðan settar í eldfast mót og fetaostkrukkunni og pestókrukkunni hellt í heild sinni yfir bringurnar. Þetta fer síðan í 180 gráðu heitan ofn í 30 mínútur.

Gott er að hafa hrísgrjón og jafnvel hvítlauksbrauð með. Pestóolían sem skapast með kjúklingnum inni í ofni er notuð sem sósa. Síðan má ekki gleyma ný upptekna grænmetinu þegar líða fer á sumarið.

Sé afgangur af kjúklingnum er um að gera að hafa kjúklingasalat daginn eftir. Setja nóg af grænmeti með, gera góða dressingu og helst sína eigin brauðteninga.

Salatdressing (fyrir 2)

2-3 hvítlauksgeirar, pressaðir

1 matskeið sinnep

1 matskeið edik (ég nota hvítvínседик)

2 matskeiðar grísk jógúrt

1 matskeið sitrónusafi

u.þ.b. 1 dl af ólífuolíu.

Salt og pipar

Allt sett í matvinnsluvél/blandara og hrært þar til dressingin er silkikennd.

Brauðteningar (fyrir 2)

5 sneiðar af brauði

3-4 matskeiðar íslenskt smjör


1 matskeið hvítlauksduft

1 teskeið paprikuduft

1 teskeið pipar.

Skerið brauðið í teninga. Bræðið smjórið á pönnu og kryddinu út í. Setjið brauðið út á og hrærið öllu vel saman. Steikið svo teningana þangað til þeir eru orðnir gullnir. Ég þakka Sigurlaugu áskorunina og skora hér með á Árna Má að finna eitthvað frábært til að deila með okkur hinum.

Kær kveðja. Hildur Lilja.



Frá Búnaðarfélag Skeiðamanna 2012

Leiga á fjölnotadreifara	Sólarhr.	15.600
Leiga á haugsugu	Sólarhr.	15.600
Leiga á haugtanki NC	Sólarhr.	15.600
Leiga á Khun tætara	Klst.	2.400
Leiga á sáðbeðsherfi	klst.	2.400
Leiga á pinnatætara	klst.	2.400
Leiga á vendiplógi	km	400
Leiga á plógi	klst.	2.200
Leiga á valtara	Klst.	2.400
Leiga á flaghefli	Klst.	600
Leiga á steypuhrærivél	Tökugj.	1.200
Leiga á ruddasláttuvél	Klst.	850
Leiga á kornsngli	tn	300
Leiga á kornsngli-stórum	tn	360
Leiga á kornvalsi	tn	2.400
Kornsláttur	Klst.	18.000
Húsaleiga	Fm.2	1.800
Leiga á loftpressu	klst.	1.800
Leiga á kerru	Sólarhr.	5.000

Þessi tæki eru til útleigu hjá Búnaðarfélagi Skeiðamanna í ár.

Umsjónarmaður tækjanna er eins og áður Ásmundur í Norðurgarði s. **865-8436**. Tækin eru bæði staðsett í Norðurgarði og á Reykjum hjá Rúnari s. **693-4783**.

Á tækjunum er lágmarksgjald kr 3.500 og þeim ber að **skila hreinum**.



Kertasmiðjan í Brautarholti
Hermann og Ragnhildur í síma
663 4666 og 893 3999 — 486 5518
www.kertasmidjan.is



Skeiðalaug opin 17. maí kl. 17:00 —21:00!

VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra


ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun –

Fótsnyrting — Handsnyrting – Vaxmeðferðir -

Litun og plokkun.

Tímapantanir í síma: 856-1599



Heilsugæslan í Laugarási sími 480–5300

Símatímar lækna alla virka daga

kl. 9-9:30 og 13–13:30

Sími í neyðartilvikum 892- 8804

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA



Í ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgata 1-3

sími: 533 2211.

Mánudaga til föstudaga kl. 13:00

Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00.

Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma:

856 1580 Unnar - 856 1581 Stefán

Drykkjarsjálfsali í Skeiðalaug.
Kynnið ykkur málið á opnunartíma.
Sími: 486-5500.

Eypór.

EIMSKIP

Flúðaleið ehf

Landflutningar
SAMSKIP

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími:
486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju. Starfsfólk Flúðaleiðar

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

BYGGINGAVÖRUR – BÚVÖRUR

GJAFAVÖRUR – HANNYRÐAVÖRUR

GARÐVÖRUR – LEIKFÖNG

OG ALLT ÞAR Á MILLI.

ALLTAF AÐ BÆTAST VIÐ NÝJAR VÖRUR

SJÓN ER SÖGU RÍKARI.

OPIÐ 9-18 VIRKA DAGA og 11-16 LAUGARDAGA.

VERIÐ VELKOMIN

ÁSBÚÐIN

Varpkögglar

Erum komin með
hágæða varpköggla á
góðu verði.



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
Sími 480 5600

Sumaropnun sundlauga 2012.

9. júní - 26. ágúst

Neslaug s: 486-6117 Skeiðalaug s: 486 5500

Neslaug

Mánudaga: 14 — 21

Þriðjudaga: Lokað

Miðvikudaga: 14 — 21

Fimmtudaga: 14 — 21

Föstudaga: 14 — 21

Laugardaga: 10 — 18

Sunnudaga: 10 — 18

Skeiðalaug

Mánudaga: Lokað

Þriðjudaga: 14 — 21

Miðvikudaga: 14 — 21

Fimmtudaga: 14 — 21

Föstudaga: 14 — 21

Laugardaga: 10 — 18

Sunnudaga: 10 — 18

Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Frítt í sund fyrir 67 ára og eldri.

Neslaug opin um hvítasunnuna.

Laugardag, hvítasunnudag og annan í hvítasunnu kl. 13—17.

Skeiðalaug lokað!



**Skeiðalaug opin 17. júní
kl. 10—18.**

**Neslaug lokað vegna
17. júní hátíðarhalda.**

Sund er hollt og gott!

